

Glerá, frá stíflu til sjávar

Greinargerð deiliskipulagsbreytingar

VINNSLUTILLAGA



09.12.2024

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar leggur til við Skipulagsráð að gerð verði deiliskipulagsbreyting svo hægt sé að koma fyrir nýrri jöfnunarstöð strætisvagna Akureyrar (SVA) við Borgarbraut. Breytingar á deiliskipulaginu snúa að fyrirhugaðri uppbyggingu jöfnunarstöðvarinnar og endurskoðun stíga meðfram ánni.

Meðfylgjandi greinargerð þessari eru tveir skipulagsuppdráttir. Vegna stærðar svæðisins er uppdráttunum skipt niður á tvö blöð 01 og 02. Skipulagsgögn eru dagsett 09.12.2024. Skipulagsbreytingin er unnin fyrir Akureyrarbæ af Lilium-teiknistofu ehf.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á skipulagsuppdráttum:

Blað 01:

- Göngustígur sem áður var skilgreindur sunnan Glerár hefur fengið breytta legu og hann skilgreindur sem útivistarstígur. Gert er ráð fyrir að stígurinn verði ca. 1,5 m á breidd og malarborinn.
- Staðsetning áveitustokks frá Gefjunarstíflu hefur verið hliðrað til í samræmi við loftmynd.
- Fyrirhugað er að útbúa tjörn í Skarðslæk.
- Skilgreint hefur verið snjósöfnunarsvæði við Borgarbraut með snúningsplani fyrir vinnutæki.

Blað 02:

- Stofnstígur frá Skarðshlíð og yfir fyrirhugaða göngu- og hjólabrú er breikkaður í 5 m.
- Bætt er við stíg sunnan Skarðshlíðar til vesturs.
- Göngustígur undir akstursbrú Hörgárbrautar er skilgreindur beggja vegna árinna.
- Göngustígur yfir brú Hörgárbrautar er felldur út að vestanverðu.
- Jöfnunarstöð SVA er skilgreind vestan Hörgárbrautar og norðan Borgarbrautar. Svæðið rúmar þrjá strætisvagna og þrjár bifreiðar landsbyggðarstrætós.
- Við jöfnunarstöðina er gert ráð fyrir kaffistofu og snyrtingu fyrir starfsmenn SVA og Strætó auk spennistöðvar. Einnig er þar gert ráð fyrir biðskýli og snyrtingu fyrir almenning.
- Sjö sleppistæðum fyrir notendur landsbyggðarstrætó hefur verið komið fyrir austan jöfnunarstöðvar.
- Skipulagsmörk færast út og ná nú yfir sleppistæðið. Skipulagssvæðið stækkar því úr 9,25 ha í 9,39 ha.
- Árfarvegur og stígur austan Hörgárbrautar og norðan ár er teiknað upp m.v. núverandi stöðu.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á deiliskipulagsgreinargerð:

Fyrir breytingu	Eftir breytingu
1.5 Minjar og Friðun Fornleifaskráning fór fram á skipulagssvæðinu árið 1994 og voru í þeirri skráningu engar fornminjar skráðar. Skv. 9. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001 teljast minjar eldri en 100 ára til fornleifa. Eftir að fornleifaskráning fór fram árið 1994 hafa minjar á svæðinu rofið 100 ára múrinn og teljast því til fornminja. Um er að ræða Gefjunarstíflu og vatnsstokk frá henni, rétt neðan Bandagerðisbrúar. Gefjunarstífla var upphaflega reist árið 1897 og veitti vatni að Tóvélum Eyjafjarðar, sem síðar varð ullarverksmiðjan Gefjun í eigu Sambands Íslenskra Samvinnufélaga, fram yfir árið 1950. Vatnsstokkurinn frá stíflunni var um 500 metra langur og sér í dag móta fyrir honum á 200-250 m kafla milli Gefjunarstíflu og Borgarbrautar. 2.2.3 Göngubrýr og undirgöng Önnur göngubrú er fyrirhuguð þar sem Glerá sveigir neðan við stíflu. Með þessari göngubrú er verið að auka til muna aðgengi um svæðið, sér í lagi þar sem ekki er gert ráð fyrir göngustígum milli göngubrúnnar, sunnan árinna. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir undirgöngum fyrir gangandi vegfarendur undir Hörgárbraut, norðan árinna. Undirgöng tengjast inn á gangstíga meðfram ánni auk þess sem göngutengingar verða upp á gangstéttar við Hörgárbraut. Með þessu skapast góð tenging milli útivistarsvæðanna beggja vegna götunnar.	1.5 Minjar og Friðun Í VINNSLU 2.2.3 Göngubrýr og undirgöng Önnur göngubrú er fyrirhuguð þar sem Glerá sveigir neðan við stíflu. Með þessari göngubrú er verið að auka til muna aðgengi um svæðið. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir göngustígum undir akstursbrú Hörgárbrautar beggja vegna árinna sem tengjast stígunum meðfram Glerá. Undirgöng eru einnig sýnd undir Hörgárbraut sem önnur útfærsla við stígana. Með þessu skapast góð tenging milli útivistarsvæðanna beggja vegna götunnar.

Nýir kaflar

2.2.4 Jöfnunarstöð SVA

Jöfnunarstöð SVA er skilgreind vestan Hörgárbrautar og norðan Borgarbrautar. Svæðið rúmar þrjá strætisvagna og þrjár bifreiðar landsbyggðarstrætó.

Við jöfnunarstöðina er byggingarreitur B1. Þar er gert ráð fyrir kaffistofu og snyrtingu fyrir starfsmenn SVA og Strætó. Einnig er þar gert ráð fyrir biðskýli og snyrtingu fyrir almenning.

Göngustígar liggja að biðstöðinni úr öllum áttum. Gott aðgengi verður frá stofnstíg úr norðri og frá Glerártorgi úr suðri.

Til skoðunar er að staðsetja bílastæði við Borgarbraut, utan skipulagssvæðis, svo hægt verði að sækja og sleppa farþegum í landsbyggðarstrætó.

2.2.5 Byggingarreitur

Einn byggingarreitur er á skipulagssvæðinu merktur B1. Innan hans er heimilt að reisa aðstöðuhús með kaffistofu og snyrtingum. Einnig má reisa biðskýli á sama reit tengt eða ótengt aðstöðuhúsinu.

Aðgengi skal vera fyrir alla að snyrtingu og biðskýli.

Hámarkshæð bygginga eru 4 m og hámarksbyggingarmagn 120 m².

2.2.6 Spennistöð og hleðslustöð

Gera skal ráð fyrir spennistöð innan byggingarreits B1.

Möguleiki skal vera á hleðslustöð fyrir strætisvagna í bið.

2.2.7 Snjósöfnunarsvæði

Skilgreint er snjósöfnunarsvæði við Borgarbraut með snúningsplani fyrir vinnutæki.

Umhverfismatsskýrsla


Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfismatsskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skýrslu þessari er ætlað að leggja mat á **áhrif breytinga** sem gerðar eru á skipulagsáætluninni og starfsemi sem henni fylgir á valda umhverfispætti sem taldir eru verða fyrir áhrifum. Áhrifin eru metin sem jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óljós.

Breytingarnar eru að mestu lagfæringar, uppfærsla eða aðlögun að núverandi aðstæðum og fyrirætlunum.


- Jöfnunarstöð með nettum byggingum að hámarki 120 m² er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfi eða ásýnd bæjarmyndar.
- Ný aðstaða fyrir starfsfólk og notendur SVA verður mikil bót frá núverandi aðstöðu og áhrif því talin jákvæð á heilsu og vellíðan.
- Áhrif á byggð og efnisleg verðmæti verða jákvæð með snyrtilegum og vel byggðum byggingum.

Við staðarval jöfnunarstöðvar var litið til miðlægrar staðsetningar, nálægðar við stórar umferðaræðar og verslunar og þjónustu.


Áhrif breytinganna eru almennt talin hafa jákvæð áhrif á valda umhverfispætti.



Hluti gildandi deiliskipulags, samþykkt 15.06.2010 m.s.br.







Tillaga að breyttu deiliskipulagi



SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- VEGIR
- AKSTURSBRÚ



Klippa úr Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 m.s.br.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á skipulagsuppdrætti 01:

- Göngustígur sem áður var skilgreindur sunnan Glérar hefur fengið breytta legu og hann skilgreindur sem útivistarstígur. Gert er ráð fyrir að stígurinn verði ca. 1,5 m á breidd og malarborinn.
- Staðsetning áveitustokks frá Gefjunarstíflu hefur verið hliðrað til í samræmi við loftmynd.
- Fyrirhugað er að útbúa tjörn í Skarðslæk.
- Skilgreint hefur verið snjóstöfnunarsvæði við Borgarbraut með snúningsplani fyrir vinnutæki.

VNNSLUTILLAGA

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í bæjarstjórn þann _____

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

GLERÁ, FRÁ STÍFLU TIL SJÁVAR
Deiliskipulagsbreyting

01 of 02
TEIKNINGANR.


Útgefandi:
Landskipulagsráð
Akureyrar

DAGS. 09.12.2024
KVARD. 1:1.000 I A1




Skipulagsgrunnur er frá Akureyrarbæ
Hæðarlínur eru 1 m og eru frá Loftmyndum ehf.
Hnitakerfi er í ISNET

Skipulagsgögn eru greinargerð og
skipulagsuppdrættir merktir 01 og 02
dags. 09.12.2024




blað 01



Hluti gildandi deiliskipulags, samþykkt 15.06.2010 m.s.br.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi



SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- VEGIR
- AKSTURSBRÚ



GANGBRAUT



INN-ÚTAKSTUR



STIGUR



GÖNGUBRÚ



UNDIRGÖNG



ÚTIVISTARSTIGUR



BYGGINGARREITUR



SNÚÐSÖFNUNARSVÆÐI



BRUNNAR



UNDIRGÖNG



TRJAGRÖÐUR



GRJÓTGARÐAR



ANINGARSTADUR




STOFNLOGN HITAVEITU





HÁSPENNULÍNA



AVEITUSTOKKUR



FRAMTÍÐAR HRINGTORG
(til skýringar)



Klipa úr Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 m.s.br.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á skipulagsupprætti 02:

- Stofnstigur frá Skarðshlíð og yfir fyrirhugaða göngu- og hjólabrú er breikkaður í 5 m.
- Bætt er við stíg sunnan Skarðshlíðar til vesturs.
- Göngustigur undir akstursbrú Hörgárbrautar er skilgreindur beggja vegna árinna.
- Göngustigur yfir brú Hörgárbrautar er felldur út að vestanverðu.
- Jöfnunarstöð SVA er skilgreind vestan Hörgárbrautar og norðan Borgarbrautar. Svæðið rúmar þrjá strætisvagna og þrjár bifreiðar landsbyggðarstrætós.
- Víð jöfnunarstöðina er gert ráð fyrir kaffistofu og snyrtingu fyrir starfsmenn SVA og Strætó auk spennistöðvar. Einnig er þar gert ráð fyrir biðskýli og snyrtingu fyrir almenning.
- Sjö sleppistöðum fyrir notendur landsbyggðarstrætó hefur verið komið fyrir austan jöfnunarstöðvar.
- Skipulagsmörk færast út og ná nú yfir sleppistöðið. Skipulagssvæðið stækkar því úr 9,25 ha í 9,39 ha.
- Árfarvegur og stigur austan Hörgárbrautar og norðan ár er teiknað upp m.v. núverandi stöðu.

VNNSLUTILLAGA

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í bæjarstjórn þann _____

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deld Stjórnartíðinda þann _____

GLERÁ, FRÁ STÍFLU TIL SJÁVAR
Deiliskipulagsbreyting

02 of 02
TEIKNINGANR.
VERKNR. 23-014

Lila Höfðadóttir
Landskipsgestir
Gönguflöt, Akureyri
Móttillkoma

DAGS. 09.12.2024
KVARD. 1:1.000 A1

Skipulagsgrunnur er frá Akureyrarbæ
Hæðarlínur eru 1 m og eru frá Loftmyndum ehf.
Hnitakerfi er í ISNET

Skipulagsgögn eru greinargerð og
skipulagsupprættir merktir 01 og 02
dags. 09.12.2024

